5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

1. UMFANG

Starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Skattar og innheimta.
- Eignaumsýsla ríkisins.
- Fjármálaumsýsla ríkisins.
- Stjórnsýsla ríkisfjármála.

Undir málefnasviðið fellur eftirfarandi:

Skattframkvæmd sem er á hendi embættis ríkisskattstjóra, embættis skattrannsóknarstjóra, embættis tollstjóra og yfirskattanefndar. Fjármála- og efnahagsráðherra er æðsti yfirmaður skattamála og fer með stefnumótun, almenn samskipti og eftirlit með stofnunum sem sinna skattframkvæmd.

Eignir ríkisins þar sem fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eigendahlutverk gagnvart félögum, yfirumsjón með eignarhaldi og umsýslu fasteigna, jarðeigna og auðlinda, og opinberar framkvæmdir. Starfsemi sem hér fellur undir er í meginatriðum falin Bankasýslu ríkisins, Ríkiseignum og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Viðfangsefni sem mynda fjármálalega og rekstrarlega innviði ríkisins og tryggja stofnunum og ráðuneytum margvíslega grunnþjónustu. Verkefnin eru fjölbreytt, þ.m.t. reikningsskil ríkisaðila, miðlun upplýsinga um fjármál ríkisins og skilvirk greiðslumiðlun, opinber innkaup, og kjara- og mannauðsmál ríkisins. Undir málaflokkinn fellur starfsemi Fjársýslu ríkisins, Rekstrarfélags Stjórnarráðsins, kjararáðs og Ríkiskaupa og margvísleg smærri verkefni. Kjara- og mannauðssýsla er skipulagslega hluti fjármála- og efnahagsráðuneytisins en viðfangsefni hennar falla undir þennan málaflokk. Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd og umsýslu lánamála ríkissjóðs samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Hann er banki ríkissjóðs og sér um varðveislu innlendra innstæðna og gjaldeyriseigna.

Stjórnsýsla ríkisfjármála sem miðar m.a. að öflugri framkvæmd laga um opinber fjármál og því að styrkja aðgerðir og ná markmiðum sem birtast í málaflokkum þessa málefnasviðs ásamt öðrum málaflokkum á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka.

Í töflunni hér á eftir má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

Heildarútgjöld í m.kr.	Reikningur 2016	Fjárlög og fjáraukalög 2017	Fjárlög 2018
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla			
5.10 Skattar og innheimta	7.204	7.919	7.906
5.20 Eignaumsýsla ríkisins	8.863	5.348	6.079
5.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	3.997	4.198	4.342
5.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála	24.200	3.426	3.931
Samtals	**44.264**	**20.891**	**22.257**

2. STARFSEMI OG HELSTU ÁSKORANIR

Í skattframkvæmd undanfarið ár hefur verið unnið að því að styrkja faglega stjórnsýslu skattamála með það að markmiði að auka skilvirkni hennar jafnframt því að bæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Rétt er að vekja sérstaka athygli á miklum árangri í bættum skattskilum, jafnt hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem rekja má til átaks af hálfu skattyfirvalda í þeim efnum. Sömu framfarir hafa orðið í innheimtu opinberra gjalda. Birting upplýsinga um stöðu skattaðila í sameiginlegri gagnvirkri þjónustugátt er í vinnslu og heldur sú vinna áfram með áherslu á aðgengi og gæði upplýsinga. Þegar liggja fyrir drög að skýrslu með tillögum um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis, m.a. með markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum að leiðarljósi. Hafa drögin þegar verið birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Þá hefur verið stigið skref með hækkun kolefnisgjalds í sömu átt. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi afmörkunar leiða til

skattlagningar innlendrar og erlendrar ferðaþjónustu með tilliti til jöfnunar á samkeppnisstöðu. Vinna við endurskoðun innheimtu opinberra gjalda hófst árið 2017 og verður henni framhaldið.

Ýmsar áskoranir eru framundan á sviði skattamála, bæði varðandi stefnumótun og skattframkvæmd. Einfalt og réttlátt skattkerfi með fáum undanþágum stuðlar að skilvirkni. Skýr markmið, samræmd skattlagning og rík upplýsingagjöf um ráðstöfun ríkisfjár auka líkur á jákvæðu viðhorfi einstaklinga og fyrirtækja til þátttöku í sameiginlegum útgjöldum samfélagsins. Með þessi sjónarmið í huga þarf að beita efnahagslegum hvötum til að draga úr neikvæðum ytri áhrifum atvinnustarfsemi og annarra athafna, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda. Takast þarf á við miklar áskoranir á sviði loftslagsmála og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Búa þarf skattkerfið í haginn fyrir nýsköpun og ýmsar tæknibreytingar samhliða því að undirbúa efnahagslífið fyrir breyttar vaxtarhorfur. Aðgerðir gegn skattsvikum og skattundanskotum verða áfram í forgangi.

Við eignaumsýslu ríkisins undanfarið ár hefur markvisst verið unnið að því að meðferð eignarhalds allra ríkiseigna verði samræmd, fagleg og hagkvæm. Umsýsla og meðferð eignarhalds flestra ríkiseigna, þ.m.t. stærsta hluta félaga í eigu ríkisins, fasteigna, jarða og auðlinda á ríkisjörðum, er miðlæg á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess. Rafrænn korta- og upplýsingagrunnur liggur fyrir vegna ríkisjarða og stærri landspildna. Áfram er unnið að miðlægri skráningu annarra réttinda og auðlinda í ríkiseigu. Gefin hefur verið út endurskoðuð eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki í ríkiseigu og stefnt er að útgáfu á endurskoðaðri almennri eigandastefnu fyrir félög í eigu ríkisins á árinu.

Helsta áskorun við umsýslu eignarhluta ríkisins í félögum er að auka samspil fjárfestinga- og arðgreiðsluáætlana ríkisfélaga og hagstjórnarmarkmiða ríkisins til að draga úr hagsveiflum án þess að takmarka eðlilegan vöxt félaganna. Unnið er að endurmati á eignarhlutum ríkisins í félögum samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum. Mikil áskorun hefur falist í að ganga frá eignfærslu á eignum ríkisins í efnahagsreikning ríkissjóðs vegna breyttra reikningsskilareglna en móta þarf sérstakar verðmatsaðferðir vegna eignfærslu á landi og jörðum í eigu ríkisins. Samhliða vinnu við eignfærslu fasteigna í ríkisreikningi liggja fyrir mótaðar tillögur um breytingar á leigu ríkiseigna í átt að markaðsleigu eða ígildi hennar í samræmi við breyttar reikningskilareglur. Þá þarf að auka fjárfestingar til húsnæðis- og framkvæmdarmála á vegum ríkisins og meðal áskorana í því sambandi er að gæta að vaxandi þenslu á markaðnum samhliða aukinni fjárfestingu.

Fjármálaumsýsla ríkisins hefur tekið miklum breytingum eftir gildistöku laga um opinber fjármál. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á reikningshaldi ríkisins sem hefur haft umtalsverðar breytingar í för með sér á verklagi stofnana við reikningshald og upplýsingagjöf. Nýtt verklag við eftirlit með framkvæmd fjárlaga var innleitt á árinu 2017. Áhersla er lögð á samræmda upplýsingagjöf, vandaða áætlanagerð ríkisaðila og virkt eftirlit ráðuneyta með rekstri stofnanna innan þeirra málefnasviða. Á árinu 2017 hófst innleiðing á nýju áætlanakerfi fyrir ríkisaðila og munu allir ríkisaðilar skila rekstaráætlunum sínum í nýju samræmdu kerfi. Ný lög um kjararáð tóku að fullu gildi 1. janúar 2018. Samhliða hefur verið unnið að gerð stjórnendastefnu þar sem áhersla er lögð á starfsþróun og aukinn stuðning við stjórnendur ríkisstofnana. Markmiðið er m.a. að bæta stjórnendafærni og árangur og búa til eftirsóknarverðara starfsumhverfi bæði fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.

Meðal áskorana í fjármálaumsýslu ríkisins er fjöldi smárra ríkisstofnana og hversu hátt hlutfall fjármagns þeirra fer til stjórnunar og stoðþjónustu. Á sama hátt dregur fjöldi rekstrareininga og skortur á samhæfingu þeirra á milli úr getu ríkisins til að njóta hagkvæmni af stærð sinni. Marvisst verður unnið að því að minnka áhrif þessara áskorana með auknum samrekstri og samhæfingu, m.a. á sviði innkaupa og upplýsingatækni. Rekstur ríkisins þarf að bregðast við auknum kröfum almennings og atvinnulífs um sjálfsafgreiðslu og stafræna opinbera þjónustu. Hraðar og ófyrirsjáanlegar breytingar krefjast sveigjanlegra stofnanakerfis auk þess sem huga þarf að breyttum hæfnikröfum til opinberra starfsmanna við nýráðningar og endurmenntun í ljósi breytinga á störfum þeirra. Á sama tíma felast í þessum breytingum gríðarleg tækifæri til þess að bæta opinbera þjónustu, auka hagræði í rekstri og auka framleiðni. Ísland er í kjörstöðu þegar kemur að hagnýtingu upplýsingatækni við veitingu opinberrar þjónustu. Tæknilegir innviðir eru allir til staðar og aðgengi og notkun landsmanna á upplýsingatækni er með því besta sem gerist. Á sama tíma hefur hið opinbera dregist aftur úr hvað varðar framboð þjónustu á stafrænu formi.

Stjórnsýsla ríkisfjármála hefur þróast mjög eftir gildistöku laga um opinber fjármál. Helsti áfanginn er stefnumótun til lengri tíma og að nýtt verklag hefur fest sig í sessi. Á liðnu ári var lögð áhersla á ferli stefnumótunar og hagnýta þjálfun í stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar. Hluti þeirrar þjálfunar snérist um mótun framtíðarsýnar og markmiða, og um ólíkar tegundir mælikvarða til að leggja mat á árangur. Þá má nefna að allir ríkisaðilar í A-hluta hafa unnið stefnu til a.m.k. þriggja ára auk hefðbundinna ársáætlana.

Helstu áskoranir við stjórnsýslu ríkisfjármála varða hagnýtingu upplýsingatækni til að efla greiningarstarf, aukna nýtingu stafrænna innviða, þ.m.t. stafrænnar stofnbrautar (e. X-Road) til þess að auka

aðgengi að stafrænni þjónustu og bæta þannig þjónustu við almenning. Efling gæða er stöðugt verkefni. Skýrt viðfangsefni er að markmið í fjármálaáætlun séu sett fram með þeim hætti að þau miði að áhrifum fyrir heildina, samfélagið eða almenna borgara. Með sama hætti eiga sem flestir mælikvarðar að mæla aukið virði fyrir samfélagið með skýrum hætti. Í fyrsta skipti eru mælikvarðar metnir með samræmdum hætti, sbr. töflu aftar.

Jafnréttismat á málefnasviði 5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Margvísleg kynja- og jafnréttissjónarmið tengjast málefnasviðinu. Á jafnréttisþingi 2018 voru kynntar niðurstöður úr rannsókn fjármála- og efnahagsráðuneytis á kyngreinanlegum áhrifum samnýtingar skattþrepa fyrir þau ár sem hún hefur tíðkast. Samnýting er algengust meðal tekjuhæstu sambúðanna og endurgreiðsla af þessu tagi við álagningu getur haft áhrif á stöðu einstaklinga innan sambúðarinnar. Í framhaldi af þessu verkefni hefur verið tekin ákvörðun um að fram fari víðtækari og ítarlegri greining á kyngreinanlegum áhrifum innan skattkerfisins. Augljóst má vera að bregðast þurfi við niðurstöðum sem myndu leiða í ljós eða staðfesta neikvæð áhrif á jafnrétti.

3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Framtíðarsýn málefnasviðsins er ábyrg umsýsla fjármuna og eigna ríkisins sem styður við skilvirka og góða þjónustu og bætt lífskjör á Íslandi.

Meginmarkmið málefnasviðsins er að skatta-, fjármála- og eignaumsýsla ríkisins sé samræmd, gagnsæ, skilvirk og hagkvæm.

Auk markmiða og áherslna á þessu málefnasviði er umfjöllun um pólitískar áherslur ráðherra í skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu að finna í inngangskafla fjármálaáætlunarinnar.

4. MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

Skattar og innheimta

Markmið málaflokksins miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar. Stefnt er að aðgengilegri upplýsingagjöf um forsendur þeirra skatta sem einstaklingar og fyrirtæki greiða. Því stefna aðgerðir málaflokksins að skilvirkum og gagnvirkum samskiptum um virka þátttöku einstaklinga og fyrirtækja í efnahagslegri starfsemi samfélagsins.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þau styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2020	Viðmið 2023
1	Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.	Hlutfall þeirra sem skila upplýsingum innan tímamarka: a) skattframtöl einstaklinga, b) framtöl lögaðila, c) virðisauka-skattsskýrslur.	a) 96,3% b) 81,1% c) 94,6%	a) 97% b) 83% c) 95%	a) 97,5% b) 84,5% c) 95,5%
		Innheimtuhlutfall vegna: a) tekjuskatts einstaklinga, b) tekjuskatts lögaðila, c) virðisaukaskatts.	a) 85,7% b) 85,7% c) 81,9%	a) 86,5% b) 86,5% c) 82,3%	a) 87% b) 87% c) 83%
		Afskriftir opinberra gjalda sem hlutfall af heildarskatttekjum á rekstrargrunni.	1,8%	1%	0,8%
2	Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.	Fjöldi gjalddaga.	269	150–200	90
		Innheimtukostnaður ríkissjóðs.	550 m.kr.	5% lækkun frá 2018	10% lækkun frá 2018
		Fjöldi innheimtumanna.	9	Viðmið ekki skilgreint.	Einn inn-heimtuaðili með nokkrar starfsstöðvar.

Í kjölfar flutnings málefna upplýsingasamfélagsins til fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur markmið 2 frá fyrra ári verið fellt brott. Markmiðið varðaði bætt aðgengi, framboð og gæði, að upplýsingum um

skattamál, m.a. með samræmdari stjórnsýslu skattamála. Þess í stað vísa aðgerðir í málaflokknum, vegna gagnvirkrar þjónustu og birtingar upplýsinga um skattamál og innheimtu, til almennra samræmdra markmiða um rafræna þjónustu, samrekstur og nýtingu sameiginlegra innviða. Vísast þar til málaflokka 5.3 *fjármálaumsýsla ríkisins*, 5.*4 stjórnsýsla ríkisfjármála* og 6.1 *hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál*. Númer markmiða hafa breyst samkvæmt þessu, svo að markmið 3 í fyrri áætlun er nú markmið 2.

Nr.	**Tengist markmiði nr.**	**Aðgerð**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili**
1	1	Heildarendurskoðun tekjuskatts einstaklinga og samspil hans við bótakerfin.	2018–2020	FJR í samstarfi við FOR og VEL
2	1	Endurskoðun skattlagningar menningarafurða og ferðaþjónustu.	2018–2020	FJR í samráði við ANR og VEL
3		Endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnutryggingagjalds og almenna tryggingagjaldsins.	2018–2020	FJR í samráði við RSK
4	Tengist málaflokki 17.5	Heildarendurskoðun gjaldtöku í samgöngum með svokölluðum grænum sköttum og skattaívilnunum, m.a. fyrir vistvæn ökutæki, þannig að skattheimtan þjóni loftslagsmarkmiðum.	2018–2022	FJR í samráði við SSR, ANR og UAR
5	Markmið 3 í málaflokki 5.3 og markmið 3 í málaflokki 6.1	Gagnvirk þjónustugátt.	2019–2022	FJR, RSK og tollstjóri
6	1	Skattrannsóknir og -eftirlit eflt, m.a. með áherslu á áhættustjórnun. Unnið úr tillögum starfshópa um frekari aðgerðir gegn skattundandrætti og skattaskjólum.	2018–2022	FJR, RSK, SRS og tollstjóri
7	2	Hafist verður handa við endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda á grundvelli tillagna starfshóps fyrir mitt ár 2019. Frumvarp um innheimtu opinberra gjalda lagt fram á haustþingi 2018.	2018–2020	FJR í samráði við tollstjóra og DMR
8	1 og 2	Fækkun endurákvarðana/leiðréttinga vegna færri áætlana.	2018–2020	FJR, RSK og tollstjóri
9	1	Endurskoðun/fjölgun tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga.	2018–2023	FJR
10	1	Endurskoðun á lögum og reglum um virðisaukaskatt af byggingastarfsemi.	2018–2019	FJR

Eignaumsýsla ríkisins

Meginmarkmið málaflokksins er að stuðla að skýrri, skilvirkri og hagkvæmri meðferð á ríkiseignum hvort sem um er að ræða fyrirtæki, fasteignir, jarðir eða auðlindir í eigu ríkisins.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þau styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Nr.	**Markmið**	**Mælikvarðar**	**Staða 2017**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2023**
1	Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.	Samfélagslegur ávinningur og gagnsæi mælt sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og sem sett hafa sér mælanleg samfélagsleg markmið og gert grein fyrir þeim í ársskýrslu.	–	25%	80%

		Fjárhagslegur ávinningur mældur sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem rekin eru á viðskiptalegum forsendum og mæta settri arðsemiskröfu eigin fjár undangengin þrjú ár.	–	35%	80%
		Yfirsýn og gagnsæi mælt sem hlutfall stærri félaga í eigu ríkisins sem skila 5 ára fjárhagsáætlun og yfirlýsingum gagnvart markmiðum eigandastefnu.	–	70%	100%
2	Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.	Hlutfall eigna sem eru í miðlægri umsýslu ríkisins.	≈50%	75%	100%
		Hlutfall jarða og auðlinda sem skráð eru í miðlægan upplýsingagrunn.	30%	60%	100%
		Hlutfall af húsnæði í eigu ríkisins í markaðsleigu eða leigu byggðri á kostnaðargrunni.	>5%	60%	90%
3	Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.	Hlutfall auðlindasamninga sem uppfylla kröfur almenns ramma sem unnið er að um nýtingu auðlinda í eigu ríkisins.	25%	40%	100%
		Áætlaðar tekjur af sérleyfum vegna hagnýtingar á landi, náttúru eða auðlinda.	Unnið að mótun ramma um sérleyfi.	Tugir milljóna	>Milljarður
		Sérgreining tekna af auðlindasamningum ríkisins.	5%	60%	100%

Mælikvarðar hafa tekið minni háttar breytingum frá fyrra ári með gagnsæi að leiðarljósi. Samfélagslegur ávinningur verður talinn þegar félag hefur sett sér mælanleg samfélagsleg markmið og gert grein fyrir þeim í ársskýrslu. Arðsemiskrafa er afmörkuð við félög að meiri hluta í eigu ríkisins, sem rekin eru á viðskiptalegum forsendum og mæta settri arðsemiskröfu eigin fjár undangengin þrjú ár. Þá verður mælt hlutfall stærri félaga sem skila fimm ára fjárhagsáætlun og yfirlýsingum gagnvart markmiðum eigandastefnu. Eignir til skráningar í miðlægan upplýsingagrunn eru nú skilgreindar sem jarðeignir og auðlindir í stað eigna. Þar með tekur mælikvarðinn einnig til auðlinda í stað áherslu á jarðir.

Nr.	**Tengist markmiði nr.**	**Aðgerð**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili**
1	1	Unnin verði skýrsla um stöðu, horfur, álitamál og framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem lögð verði fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar um fjármálakerfið.	2018–2019	FJR
2	1	Endurskoða og gefa út almenna eigandastefnu. Gerð reglna um val á stjórnarmönnum og viðauka við almenna eigandastefnu fyrir Isavia og orkufyrirtæki, þ.m.t. Landsvirkjun.	2018	FJR.
3	1	Formfesta reglulega fundi með stærri félögum ríkisins þar sem farið verður yfir áætlanir til 5 ára í senn og fylgt eftir meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem fram koma í eigandastefnu.	2018–2019	FJR.
4	2	Gerð eigandastefnu fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins.	2018	FJR.
5	2	Lokið við færslu fasteigna í miðlæga umsýslu.	2018–2019	FJR leiðir verkefnið í samráði við Ríkiseignir

6	2	Eignfæra allar eignir ríkisins í samræmi við breyttar reikningsskilareglur. Unnið að útfærslu verðmatsaðferða vegna jarða og lands.	2017–2018	FJR leiðir verkefnið í samráði við Fjársýslu ríkisins og Ríkiseignir
7	2	Fjárfestingaráætlun gerð til 5 ára vegna húsnæðis- og framkvæmdarmála ríkisins.	2018–2019	Framkvæmdasýsla ríkisins leiðir verkefnið í samstarfi við FJR.
8	2	Upptaka markaðsleigu og leigu sem byggð er á kostnaðargrunni fyrir fasteignir ríkisins.	2018	FJR leiðir verkefnið í samráði við Ríkiseignir
9	2 og 3	Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi. Meta ástand ferðamannastaða á landi ríkisins og þörf fyrir skýrari umsjón og aðgangsstýringu.	2018–2020	Ríkiseignir
10	3	Skráning allra auðlindasamninga sem gerðir hafa verið af hálfu ríkis um jarðir í eigu ríkisins. Sérgreining tekna af auðlindasamningum ríkisins.	2018–2019	Ríkiseignir

Fjármálaumsýsla ríkisins

Markmið málaflokksins miða að skilvirkri og hagkvæmri fjármálaumsýslu og rekstri ríkisins. Að auki er þeim ætlað að stuðla að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þau styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Nr.	**Markmið**	**Mælikvarðar**	**Staða 2017**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2023**
1	Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.	Hlutfall málaflokka þar sem rekstur er innan fjárheimilda ársins.	69%	90%	100%
		Hlutfall ríkisaðila með fjárhagsbókhald í Orra sem gerir reikninga vegna kaupa á vöru og þjónustu aðgengilega almenningi á sérstakri vefsíðu.	5%	80%	95%
		Hlutfall ríkisaðila í A-hluta sem nota miðlægt áætlanakerfi vegna áætlanagerðar fyrir næstkomandi ár.	24%	80%	100%
2	Markvissari stjórnun, skipulag og aukin leiðtoga-hæfni hjá stofnunum ríkisins.	Hlutfall forstöðumanna sem hafa fengið endurgjöf á störf sín í stjórnendasamtali, frá hlutaðeigandi ráðuneyti á undangengnum 24 mánuðum.	Ekki gert með samræmdum hætti	15%	60%
3	Aukinn sam-rekstur og nýting sameiginlegra innviða.	Hlutfall A-hluta ríkisstofnana sem tekur þátt í sameiginlegum örútboðum og/eða nýtir einsbirgissamninga.	82%	95%	99%
		Hlutfall stofnana sem eiga samskipti við almenning og lögaðila í gegnum rafrænt pósthólf Ísland.is	9	100	164
		Fjöldi nettenginga ríkisins.	>100	80	4

Markmið málaflokksins hafa tekið nokkrum breytingum frá fyrra ári. Skerpt hefur verið á orðalagi markmiðs 1, svo í stað almenns orðalags um bættan rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins er áherslan lögð á bætta áætlanagerð og fylgni með fjármunum ríkisins. Tvö markmið frá fyrra ári, markmið 2 og 3, hafa verið sameinuð í markmið 2, enda eðlislík: markvissari stjórnun og skipulag hjá stofnunum ríkisins og bætt fagleg stjórnun mannauðs og aukin leiðtogahæfni stjórnenda. Hið sameinaða markmið tekur nú til markvissari

stjórnunar, skipulags og aukinnar leiðtogahæfni hjá stofnunum ríkisins. Svo hefur bæst við nýtt markmið 3 um aukinn samrekstur og nýtingu sameiginlegra innviða.

Breytingarnar eru gerðar til að endurspegla betur verklag varðandi fjármálaumsýslu og rekstur ríkisins ásamt áherslu á bættan ríkisrekstur. Til samræmis hafa verið gerðar breytingar á mælikvörðum.

Með aðgerðum er snúa að auknum samrekstri í upplýsingatækni er áætlaður sparnaður um 1,5–2 ma.kr. árlega.

Nr.	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili
1	1	Endurhönnun og efling stafræns pósthólfs.	2018–2019	FJR í samvinnu við ÞÍ
2	1	Birting reikninga á netinu og bætt aðgengi fyrir almenning að tölulegum gögnum.	2019–2020	FJR og Fjársýslan
3	1	Stöðumat á nýsköpun á sviði opinberrar þjónustu hjá stofnunum og sveitarfélögum. Mótun og framkvæmd aðgerða.	2018–2020	FJR í samstarfi við fagráðuneyti og sveitarfélög
4	1	Innleiðing á innkaupakerfi fyrir A-hluta-stofnanir.	2018–2022	FJR, Fjársýsla ríkisins og Ríkiskaup
5	1,2	Innleiðing á skilvirku og gagnsæju verklagi við áætlanagerð, áhættumat og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.	2018–2019	FJR
6	2	Gerð verður þjónustukönnun hjá stofnunum ríkisins með það að markmiði að bæta markvisst almannaþjónustu.	2018–2019	FJR
7	2,3	Mótun og birting heildstæðrar stjórnendastefnu og verklagsreglna um hæfnisþætti, framkvæmd frammistöðumats og gerð starfsþróunaráætluna fyrir forstöðumenn.	2018–2020	FJR
8	2,3	Setning laga um stofnanakerfið og breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.	2018–2020	FJR
9	3	Samrekstur stofnana í upplýsingatækni (vélasalir, skýjalausnir, hugbúnaðarleyfi). Lagður grunnur að auknu samstarfi/rekstri stofnana, auk þess að bæta nýtingu innviða, m.a. fjármálaumsýslu.	2018–2020	FJR í samvinnu við önnur ráðuneyti og FJS
10	3	Mat á stöðu og þróun mannaflaþarfar einstakra stofnana til a.m.k. næstu þriggja ára í tengslum við markmið og áherslur í starfsemi stofnunar. Aðgerðaáætlanir unnar á grundvelli matsins.	2018–2020	FJR í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir

Stjórnsýsla ríkisfjármála

Markmið málaflokksins miða að því að bæta lífskjör í landinu með vandaðri stjórnsýslu ríkisfjármála og skilvirkum ríkisrekstri. Aðgerðir málaflokksins styðja við markmiðin en fela jafnframt í sér að fylgja eftir markmiðum sem birtast í öðrum málaflokkum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þau styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Hraðari uppbygging stafrænna innviða.	Fjöldi þjónustuveitenda/ stofnana sem tengjast staf-rænni stofnbraut (e. X-Road).	0	20	100
2	Skýrari stefnumótun,	Fjöldi heildstæðra stefna fyrir málefnasvið.	0	3–5	34

	samvirkni og mat á árangri.	Vísanir / tengingar milli málefnasviða í fjármálaáætlun.	≈10	20	100
		Hlutfall aðgerða lokið innan tímamarka í fjármálaáætlun.	>80%	>80%	>90%
3	Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.	Hlutfall mælikvarða í fjármálaáætlun: a) sem mæla virði fyrir samfélagið: afurðir (e. output), áhrif (e. outcome) eða framfarir (e. end-outcome), b) sem ekki mæla afurðir eða áhrif fyrir samfélagið, svo sem aðföng (e. input) eða ferli (e. process).	a) 37% b) 63%	a) 45% b) 55%	a) 90% b) 10%

Markmið málaflokksins hafa tekið minni háttar breytingum frá fyrra ári. Nýtt markmið, um hraðari uppbyggingu stafrænna innviða, kemur nr. 1, ásamt mælikvarða. Breytist númer næstu markmiða samkvæmt því. Skerpt hefur verið á orðalagi markmiðs 2, svo í stað almenns orðalags um farsæla innleiðingu og framkvæmd laga um opinber fjármál, er áherslan á skýrari stefnumótun, samvirkni og mat á árangri. Fjöldi tenginga milli málefnasviða verður mældur, því slíkar tilvísanir eru taldar mikilvægar til að sýna fram á að ýmis nútímaviðfangsefni verða ekki leyst af einu ráðuneyti heldur tengist ábyrgð á úrlausn milli tveggja eða fleiri ráðherra eftir atvikum. Dæmi þar um er samræmt kerfi grænna skatta, sem er aðgerð á málefnasviði 5 með vísun í markmið á málefnasviði 17. Þriðja markmiðið er óbreytt en mælikvarðinn er skýrari.

Nr.	**Tengist markmiði nr.**	**Aðgerð**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili**
1	1	Uppsetning stafrænnar stofnbrautar (e. X-Road) og tenging hennar við grunnupplýsingakerfi ríkisins. Samvirkni tryggð.	2018–2020	FJR
2	1	Mótun tækniarkitektúrs og tæknistefnu ríkisins	2018–2019	FJR
3	1 auk mark-miða 1–3 í málaflokki 5.3	Mótun stefnu og aðgerðaáætlunar fyrir upplýsingatækniumhverfi ríkisins.	2018–2019	FJR
4	2	Tenging kynjaðrar fjárlagagerðar við ferla og stefnumótun á grundvelli laga um opinber fjármál.	2017–2019	FJR í samvinnu við VEL og önnur ráðuneyti
5	2	Endurnýjun þjóðhagslíkans þannig að það taki meiramið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.	2016–2020	FJR
6	2	Þróun útgjaldagreininga á ýmsum þáttum ríkisrekstrar byggð á bestu fordæmum, m.a. af vettvangi OECD.	2017–2022	FJR
7	2	Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting opinna reikninga og mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga, og endurbætt framsetning gagna á vef.	2017–2022	FJR
8	2 og markmið 2 í málaflokki 5.3	Innleiðing á nýju verklagi við framkvæmd fjárlaga hjá 90% ríkisaðila.	2018–2019	FJR í samvinnu við ríkisaðila
9	3	Unnin verði drög að skilgreiningu á samfélagsvirði og bættum lífsgæðum í tengslum við mat á mælikvörðum í fjármálaáætlun sem mæla afurðir (e. output), áhrif (e. outcome) eða framfarir (e. end-outcome) fyrir samfélagið.	2018–2019.	FJR í samvinnu við FOR
10	Markmið nr. 3 í málaflokki 5.3	Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins.	2018–2019	FJR í samvinnu við önnur ráðuneyti

5. FJÁRMÖGNUN

Töluleg umfjöllun um útgjaldaramma málefnasviðsins næstu fimm ár.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	**22.878**	**21.960**	**21.391**	**21.914**	**22.438**